

- 7** STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð
 4. febr. Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 4. febrúar 1929. Skipulagsskráin er þannig:

NÝ SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framfarasjóð Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 19. marz 1894, því að þann dag gaf undirritaður Bogi Th. Melsteð eignarjörð sína Harastaði á Fellsströnd, 24 hndr. að fornu mati, en 11,1 hndr. að nýju, með öllum þeim gögnum og gæðum, sem henni fylgja, til stofnunar sjóðsins. Sjóðurinn er minningarsjóður um foreldra stofnandans og skal jafnan bera nafn þeirra og heita Framfarasjóður Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs.

2. gr.

Takmark sjóðsins er eftirleiðis:

1. Að efla trjárækt, einkum reyniviðar og birkitrjárækt, heima á bæjum í prestakalli föður míns, þ. e. í Klausturhóla, Búrfells og Úlfljótsvatnssóknum og prestakalli séra Símonar Bechs á Þingvöllum, Þingvallasveitinni, og ennfremur í Keldnakoti í Stokkseyr-
arhreppi. Einnig skal sjóðurinn styðja að því í fyrstu með fjárveitingu, að samskonar trjárækt verði hafin við íþróttaskólann að Geysi og lýðskólann að Laugarvatni.
2. Að efla síðar skógarrækt í þeim þremur kirkjusóknum sem voru í prestakalli föður míns, þá er ársvextir sjóðsins eru orðnir 4000 — fjögur þúsund — krónur, og síðar í Þingvallasveitinni, þá er sjóðurinn er orðinn fær um það.
3. Að styrkja barnaheimili í prestakalli föður míns, sem eg vil hjálpa til að sett verði þar á stofn, og skal það gert á þann hátt, sem segir síðar í skipulagsskrá þessari og í væntanlegri skiplagsskrá um barnaheimilið eða um stofnunarsjóð þess.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er nú í Söfnunarsjóði Íslands, Aðaldeildinni, og var hann 1. janúar 1927 2586 kr. 95 au.; skal hann ávaxtast þar

framvegis meðan það er örugt, að því undanteknu er hér segir síðar. **7**
 Ef sjóðurinn — eða eitthvað af höfuðstól hans — kynni einhverntíma **4. febr.**
 að verða ávaxtaður annarsstaðar, skal það gert með því að kaupa áreið-
 anleg skuldabréf (Obligationer), eða gegn 1. veðrétti í fulltryggri
 jarðeign í sóknum föður míns. Ekki má lána einstökum mönnum fé úr
 sjóðnum öðrum en nú var sagt. Hlutabréf (aktíur) má aldrei kaupa
 fyrir fé sjóðsins. Árlegan eyðslueyri af ársvöxtunum, sem eigi eru not-
 aðir þegar, ber að varðveita í fulltryggum sparisjóði.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands, Atvinnumálaráðuneytið, hefir stjórn sjóðs-
 ins á hendi, og birtir árlega reikning hans í B-deild Stjórnartíðindanna.
 Í reikningnum skal þess getið hverjir fá styrk eða verðlaun úr sjóðnum.

5. gr.

Allir ársvextir sjóðsins skulu lagðir við höfuðstól hans að því frá-
 dregnu, sem nú segir:

Á aldarafmæli föður míns, 28. maí 1929, skal veita eitt hundrað
 kr. af ársvöxtunum til að gróðursetja reyniviðartré innan við garðinn í
 kringum kirkjugarðinn í Klausturhólum. Næsta ár skal þann dag, eða í
 lok maímánaðar, veita eitt hundrað kr. styrk til þess að gróðursetja
 reynivið og birki við íþróttaskólann hjá Geysi, Og 1931 við lýðskólann
 að Laugarvatni, ef eigendur og stjórnendur skóla þessara vilja umgirða
 svæði og efna þar til trjáræktar og viðhalda henni eftirleiðis.

Vorið 1932 — 28. maí jafnan, ef hægt er — skal veita eitt
 hundrað kr. af ársvöxtum til þess að gróðursetja reynivið innangarðs í
 kirkjugarðinum á Búrfelli, 1933 í kirkjugarðinum á Úlfljótuvatni
 og 1934 í kirkjugarðinum á Þingvöllum, 1935 að Hlíð í Grafningi og
 1936 að Keldnakoti. Nú vill einhver af hlutaðeigandi mönnum ekki
 planta trjám í kirkjugörðum þessum, né sjá um það, að þeir séu trygg-
 lega girtir, né hlutaðeigandi bændur girða svæði heima hjá sér til trjá-
 plöntunar, skal þá fé þetta lagt í sparisjóð undir nafni hlutaðeigandi
 jarðar og kirkjugarðs á kirkjustöðunum, og ávaxtast þar þangað til
 þeir menn koma á jarðir þessar, er vilja framkvæma verk þetta vel og
 sæmilega og viðhalda því, hver á sínum stað.

Eftir 1936 skal leggja alla ársvextina við sjóðinn í 12 ár, en
 því næst skal 1949 veita þeim ábúanda á jörðum í prestakalli föður
 míns eða séra Símonar Bechs tvö hundruð kr. í verðlaun, sem komið hef-
 ir á fót beztri trjárækt, reyniviði og birki, heima á jörð sinni, ef hún er
 verðlaunaverð. Verðlaun má síðan veit fjórða hvert ár, en ekki skal
 verðlaun veita fyrir minni reit en 200 — tvö hundruð — trjáplöntur.
 Veita skal ábúendum hinna fjöggra kirkjustaða og ábúendum Hlíðar og

7 Keldnakots verðlaun eins og öðrum bændum í fyrnefndum sóknum, er 4. febr. þeir verðskulda það.

Veita má og verðlaun fyrir ræktun annara trjáa en reyniviðar og birkis, ef reynsla er fengin fyrir því, að þau þrífist vel á Íslandi og geti náð þar slíkri hæð, sem þessi tré.

Nú eru engin verðlaun veitt, skal þá ávalt leggja alla ársvexti við höfuðstólinn, unz þeir eru orðnir 400 kr. á ári.

Eftir það að ársvextir eru orðnir 400 kr., skal ávalt leggja fjórða hluta þeirra í sérstakan sjóð, *Barnaheimilissjóð Framfarasjóðsins*, er ávaxtist í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins. Sjóð þennan skal auka árlega með fjórða hluta ársvaxtanna í Aðaldeildinni ásamt öllum ársvöxtum sjálfs Barnaheimilissjóðsins, og þeim gjöfum, sem honum kunna að hlotnast, unz hann tekur að vinna að því, að undirbúa stofnun barnaheimilis þess, sem nefnt er í 2. gr., svo sem með því að kaupa handa því hagkvæma jörð, ef þess þarf, í Klausturhóla eða Búrfellssókn, rækta hana rækilega, eða þá jörð í sóknum þessum, sem kann að verða gefin barnaheimilinu. Skal leggja sérstaklega alla alúð á að rækta vel og rækilega Klausturhólaland, og bæta það og prýða sem bezt á allar lundir, ef Framfarasjóðurinn eða Barnaheimilissjóðurinn kynni að eignast þá jörð. Á hana skal þá setja barnaheimilið. Ef hún fæst eigi til eignar, má setja það á aðra jörð þar í sókninni eða Búrfellssókn, sem fæst að gjöf eða gegn sanngjörnu verði, og kynni að þykja hægari og hagkvæmari en Klausturhólar, og skal þá rækta hana vel og rækilega.

Ennfremur skal sjóður þessi styðja að því, að traust og hagkvæm hús verði reist þar sem barnaheimilið verður sett, og styðja það eftirleiðis á allar lundir, er það er komið á fót.

Hve sjóður þessi skal vera mikill, áður en farið verður að nota hann barnaheimilinu til undirbúnings og stofnunar, verður að fara eftir því, hve mikið fé barnaheimili þetta fær úr annari átt eða öðrum sjóði; skal atvinnuáráðuneyti Íslands ákveða það í samráði við stjórnendur hins væntanlega Barnaheimilissjóðs. Þó skal ekki eyða meiru en helmingnum af höfuðstóli sjóðs þessa til þess að koma barnaheimilinu á fót, og skal síðan auka hann aftur á sama hátt með árstíllaginu úr Framfarasjóðnum, unz hann er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — kr. Skal þess þá gætt eftirleiðis að höfuðstóll sjóðsins verði aldrei minni en það, skal hann því með tímanum aukinn miklu meira, svo að til hans megi taka, ef mikilla endurbóta eða húsbóta þarf við, eða ef nýtt barnaheimili er reist annarsstaðar.

Ég áskil mér rétt til þess að setja síðar nákvæmari ákvæði um þetta, annaðhvort með sérstökum viðauka við skipulagsskrá þessa eða með ákvæðum í skipulagsskrá um barnaheimilið eða hinn væntanlega söfnunarsjóð þess, og skulu þau þá gilda líka um þetta verkefni Framfarasjóðsins.

Aðrir ársvextir Framfarasjóðsins skulu jafnan lagðir við höfuðstól hans í Aðaldeildinni, að því undanteknu, sem varið er til verðlauna. 7
4. febr.
Þá er ársvextir sjóðsins í Aðaldeildinni nema eitt þúsund krónum á ári, má Atvinnumálaráðuneytið veita verðlaun þriðja hvert ár, ef það telur það ráðlegt og framkvæmdir bænda verðskulda það.

Það fé, sem fellur til útborgunar úr framfarasjóðnum, skal Söfnunarsjóðurinn greiða Atvinnumálaráðuneytinu.

6. gr.

Þá er eign Framfarasjóðsins í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins er orðin svo mikil, að ársvextirnir nema 4000 kr., skal aðeins leggja helming þeirra árlega við höfuðstól sjóðsins, en fjórðung þeirra eins og áður við eign sjóðsins í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins (þ. e. í Barnaheimilis-sjóðinn). Nú má gera ráð fyrir að trjárækt sé komin í lag á öllum þeim bæjum, sem verðlaunarétt hafa átt, og að almennur áhugi sé vaknaður á trjárækt og því viðhaldið, er gert hefir verið. Skal þá byrja að nota *einn fjórðung* ársvaxtanna til skógræktar í sóknum föður míns. Hana skal byrja annaðhvort á þeim jörðum, sem sjóðurinn hefir eignast að gjöf eða erfðum, eða keypt í sóknum þessum, eða að Hlíð í Grafningi, sem er eign erfingjarentu Sigríðar Melsteðs.

Ennfremur skal styrkja bændur í sóknum föður míns og í Þingvallasveitinni til skógræktar, ef þeir leggja til hennar vel girt land og leggja sjálfir a. m. k. hálfan kostnaðinn. Ákveður Atvinnumálaráðuneytið í samráði við skógræktarstjóra eða skógfræðing landsins hvernig skógræktinni skuli hagað.

7. gr.

Árangurinn af starfi Framfarasjóðsins skal birtur fimta til tíunda hvert ár í Búnaðarritinu eða öðru riti eftir ákvæði Atvinnumálaráðuneytisins. Sjóðurinn skal ávalt vinna að trjárækt og skógarrækt í fyrnefndum sóknum og Keldnakoti og styrkja hið væntanlega barnaheimili, ræktun þeirra jarða, sem sjóðurinn kann að eignast, og góða húsaskipun á þeim, svo að kirkjusóknir þessar taki bæði góðum og nyt-sömum framförum, andlega, siðlega og verklega. Til annars má eigi nota fé sjóðsins.

8. gr.

Með skipulagsskrá þessari er hin eldri skipulagsskrá sjóðsins, dagsett 19. marz 1894, numin úr gildi.

Atvinnumálaráðuneytið leitar konunglegrar staðfestingar á þessari nýju skipulagsskrá Framfarasjóðs foreldra minna.

Kaupmannahöfn, Ole Suhrsgade 18, hinn 17. október 1928.

Bogi Th. Melsteð.